**Fundargerð**
318. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 6. janúar 2010, kl. 15:15

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Sveinn Ragnarsson, Andrea Björnsdóttir, Eiríkur Kristjánsson og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir. Einnig sátu fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð og Erla Björk Jónsdóttir skrifstofustjóri.

Fundargerð rituð í tölvu og er 1 blaðsíður.

Oddviti setti fundinn, bauð fólk velkomið. Þá var gengið til dagskrár. Oddviti yfirgaf fundinn kl. 16.40 og fékk varaoddvita að taka við fundarstjórn.

## Dagskrá:

**Mál til afgreiðslu:**

.

1. **1011031 – Fjárhagsáætlun Reyhólahrepps fyrir árið 2011**
   Fyrri umræða.

   *Sveitarstjóri fór yfir meginforsendurnar fyrir gerð fjárhagsáætluna fyrir árið 2011. Skrifstofustjóri fór yfir launamálin. Fjárhagsáætlunin byggir að meginstofni rauntölum frá rekstri fyrra árs. Gert er ráð fyrir óbreyttu útsvarshlutfalli, óbreyttri álagningu fasteignagjalda, lögbundnum framlögum jöfnunarsjóðs, tekjustofnar Reykhólahrepps koma frá þessum þremur megin stoðum. Tillögur að viðhaldsframkvæmdum eru stærsti sérstaki liðurinn í framlagðri áætlun, ekki verður farið í neinar stórar framkvæmdir á árinu.*
   *Sveitarstjóri þakkar starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir undirbúning við fjárhagsáætlunina. Einnig er íbúum þakkaðar góðar hugmyndir sem bárust fyrir gerð fjárlaganna.*

**Önnur mál (ef einhver):** Engin önnur mál

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18:40**